



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 4. október 2022 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eypórsson, Sigurbjörn Þórmundsson, Vigdís Matthíasdóttir, Þormóður Skorri Steingrímsson og Einar Gíslason.

### **1. Landsþing LH í félagsheimili Fáks**

Landsþing LH fer fram í félagsheimili Fáks dagana 4.-5. nóvember. Skipulagning gengur vel og er í höndum framkvæmdastjóra.

### **2. Almennadalur**

Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir því við Reykjavíkurborg að mæla og staðsetja reiðskemmur sem eru á nýju deiliskipulagi í Almennadal. Vonast er til þess að mæliblöðin liggja fyrir í næstu viku svo hægt sé að áætla efnisþörf sem þarf í púðann undir reiðhallarskemmuna.

### **3. Byggingarlóðir í Faxabóli**

Rætt er um byggingarlóðir í Faxabóli. Lóðirnar sem um ræðir eru þar sem reiðgerðin tvö eru staðsett.

Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir tilboði frá arkitekt um að gera drög að tillögu að húsum á byggingarreitunum.

### **4. Dómararáðstefna FEIF í mars 2023**

Framkvæmdastjóri er í sambandi við formann dómaranefndar FEIF um að hér verði haldin dómararáðstefna í veislusalnum reiðhöllinni 25. mars 2023. Ráðstefnu gestir myndu sækja Dag reiðmennskunnar og Stórsýningu Fáks auk þess að nota útimannvirki á svæðinu.

**Fundi slitið 18:15**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**